

Feilnóta í kosningasinfóníunni?

**eftir Ingibjörgu
Sólrúnu Gísladóttur**

Það fer varla hjá því að ýmsir velti því fyrir sér í komandi borgarstjórnarkosningum, hvað skilji á milli beirra flokka og samtaka sem í framboði eru. Þegar talið berst að félagslegri þjónustu af ýmsu tagi þá virðast allir hafa sömu spil á hendi sem beir setja út af miklu öryggi og festu. Allir ætla að tryggja öldruðum áhyggjulaust ævikvöld og öryggi í elli, allir ætla að sjá til þess að börn njóti öryggis og umönnunar meðan foreldrar vinna og allir vilja vinna að því að skóladagur verði samfelltur og skólamálum komið á í öllum skólum.

Það er ótrúlega mikill samhljómur í kosningasinfónunni og því hvarflar það sjálfsgagt að einhverjum að Kvænnalistinn sé ekki annað en feilnóta sem eigi engan rétt á sér. Þegar slíkri hugsun skýtur upp þá verður maður að hafa það hugfast að æfingin skapar meistarann og flestir flokkar hafa kosningasinfónuna á valdi sínu. Þegar beir eiga að leika af fingrum fram milli kosninga þá verður spilverkið risminna.

Skórin sem kreppir að konum

Ef vilji flokkanna er eins góður og menn vilja vera láta þá er mjög illskiljanlegt hversu illa er búið að bönum og öldruðum í þjóðfélagi okkar. Þá hefur eithvað annað brugðist. Sjálf efast ég ekki um að flestir framhjóðendur vilja vel og eru vænsta fólk. Flokkarnir hafa hins vegar brugðist í þeim málaflokkum sem ég hef drepið hér á. Ástaðan fyrir því er öðru fremur sú, að þeim er stjórnad af körlum á besta framkvæmdaaldri, körlum sem bera takmarkaða ábyrgð á umönnun barna og aldraðra hvort sem er á heimilum eða stofnunum. Þeir hafa aldrei haft þann skó á fætinum sem kreppir að konum.

Þegar kemur að því að útdeila sameiginlegum fjármunum okkar allra á einstök verkefni, þá telja beir þær þarfir, sem beir bekja best, mun brýnni en þær sem á konum brenna. Þeir telja sig fyrst þurfa að auka lóðaframboð, standa í landakaupum og byggja umferðarmannvirki áður en þeir hefjast handa við byggingu dagvistarheimila og þjónustusúða fyrir aldraða. Þána eru um við komin að þeirri staðreyni að reynsluheimur kynjanna er ólkuur og elur af sér ólíka lifsskynjun og verðmætamat og þar af leiðandi ólika pólitisk.

Það er hvorki tilviljun né illviljun sem ræður því að ekki var farið að byggja þjónustusúði fyrir aldraða fyrir en árið 1972, að aldrei hefur verið gert átak í dagvistarmálum, að börn eru ofurseld götunni og forsíonni milli þess sem þau hlaupa úr og í skóla, að kvennastörf eru lægra metin til launa en önnur störf, að húsmóðurstörf teljast ekki starfsreynsla á vinnumarkaði og svona mætti lengi telja. Rótin liggur í karlaveldinu. Hún liggur í því að menning og lífssýn karla er ráðandi

afl í þjóðfélagini sem, þegar vel er að gáð, kemur bæði niður á konum og körlum. Okkur er öllum þróngur stakkur skorinn af þessu afli og eru tæpast heilar manneskjur. Við erum vegin og metin eftir því hvort við erum karl eða kona og sumir léttvægar fundnir en aðrir.

Kvennapolítíkin aukaatriði

Hér að framan hef ég lagt alla flokka að jöfnu á þeiri forsendu að þeim er öllum stjórnad af körlum. Því verður hins vegar ekki á móti mælt að á undanförnum árum hafa átt sér stað talsverðar breytingar á flokkunum. Þeir hafa tileinkað sér mörg baráttumál kvænnahreyfingarinnar og þeir hafa flestir opnað dyrnar í hálfu gátt fyrir konum. Þessar breytingar eru ekki síst sér-framboðum kvenna að þakka. Við konur höfum hins vegar enga tryggingu fyrir því að þessar breytingar séu varanlegar. Það virðist líka nokkuð augljóst að enn er kvennapolítíkin bara aukabiti í

veganesti flokkanna í borgarstjórn, á Alþingi og í verkalýðshreyfingunni. Undirstaðan kemur annars staðar frá.

Sá flokkur sem nú virðist hvað óárennilegastur fyrir konur er Sjálfstæðisflokkurinn. Verður ekki betur séð en að þar sé höfuðvigi karlaveldisins. Í þeim flokki er hópur af frambærilegum konum sem ekkert umboð fá frá flokkssystkinum sínum í komandi borgarstjórnarkosningum. Konurnar í flokknum eiga barna sjálfar nokkurn hlut að málum því þær kjósa yfir sig karla.

Því miður er það svo að margar konur þekkja enn ekki hagsmuni síná né vitjunartíma. Þær fáu konur sem veljast til ábyrgðarstarfa fyrir flokkinn verða svo að standa reikningsskil á stefnu og starfsháttum sem eru konum andstæð. Og ábyrgð þeirra er mikil enda hefur flokkurinn verið svo til einráður í borginni lengst af á þessari öld. Hin „styrka stjórn“ floksins hefur ekki verið í mjúkri móðurhendi. Hún hefur verið í hendi ungra og miðalda karla á framaðraut sem mæla afrek sín í löðum



Ingibjörg Sólrún Gísladóttir

„Sá flokkur sem nú virðist hvað óárennilegastur fyrir konur er Sjálfstæðisflokkurinn. Verður ekki betur séð en að þar sé höfuðvigi karlaveldisins. Í þeim flokki er hópur af frambærilegum konum sem ekkert umboð fá frá flokkssystkinum sínum í komandi borgarstjórnarkosningum.“

og malbiki. Það þarf því engum að koma á óvart þó stærsti kjósenda-hópur Sjálfstæðisflokkins séu karlar í blóma lífsins. Og rétt eins og blóminn í eggini eru þeir uppfyllir af sjálfum sér og eru verndaðir frá barnabasli og búsgum venjulegrar konu.

Sérstaðan

Það sem skilur á milli þeirra flokka og samtaka sem nú bjóða fram til borgarstjórnar eru öðru fremur hugmyndir þeirra um manneglegt samfélag. Það eru hugmyndir þeirra um það hvaða lífsgildi eigi að vera stefnumótandi í borgarstjórn. Flestir hafa flokkarnir hins vegar villst af leið og svo virðist sem þeir viti ekki lengur í hverju þeirra sérstaða er fólgin, fyrir hvað þeir standa. Það er kannsi gæfa okkar í Kvænnalistanum hvað hreyfing okkar er ung að árum. Við höfum enn ekki fjarlægzt uppruna okkar sem er kvænnahreyfingin og baráttumál hennar. Með frambodi okkar viljum við tryggja kvænnapólitík sess í borgarstjórn og við viljum gera reynslu og menningu kvenna að stefnumótandi að þar sem og annars staðar í þjóðfélagini. Okkur, konum er, sjálfum best treystandi til að bæta kjör okkar og stöðu. Takist okkur það mun það skila sér til allra þeirra sem lakast eru settir í þjóðfélagini.

Höfundur er borgarfulltrúi Kvænnaframboðsins.



Alfa Romeo 33 4 x 4. Sannkallaður draumabili.

DRAUMUR OKKAR ALLRA FJÓRHJÓLADRIFINN ALFA ROMEO

NÝ SENDING KOMIN TIL AFGREIÐSLU STRAX

Alfa Romeo 33 4 x 4 er hlaðinn öllum hugsanlegum aukabúnaði.
Verðið er hreint ótrúlegt: Kr. 504.400.-



JÖFUR HF
NÝBYLAVEGI 2
KÓPAVOGI
SÍMI 42600

